Fundur Ungmennaráðs Hafnarfjarðar 20.október 2026

Í kubbinum í Nýsköpunarsetrinu kl 20:00

Fundur nr: 287

Mætt: Júnía, Þóra Gabríela, Hildur Freyja, Logi Rafn, Arna Björk, Oddvör, Elísa Ósk, Ísabella Líf, Karólina Bríet, Guðrún Telma, Emil Þór, Karolina, Benjamin, Steinunn Björk, Helgi Rafn, Agnes Sigríður, Júlía Björk ,Unnar Ómar, Björn Þengill, Jasmín Lea, Rakel Sunna, Fjóla Huld.

Starfsfólk Þórunn sem jafnframt ritaði fundargerði

Dagskrá fundar:

1. **Boð á vinnufund með Ölmu Dís hjá Byggðasafni Hafnarfjarðar um safnafræðslu.**
2. **Stýrihópur Barnvæns sveitarfélags - skipun fulltrúa.**
3. **Ungmennaþing í nóvember.**
4. **Alþjóðadagur barna 20. nóvember.**
5. **Kynning á málum frá Ísabellu, Loga og Agnesi.**
6. **Símafrí og kyn- og kynjafræðsla.**
7. **Önnur mál.**

1. Vinnufundur með Byggðasafni Hafnarfjarðar

Þórunn kynnti boð frá Ölmu Dís á vinnufund þann 10. nóvember kl. 17:00. Fulltrúar hittast við Byggðasafnið þar sem þeir fá kynningu á söfnum bæjarins, Pakkhúsi, Sívertsenshúsi, Beggubúð og Siggubæ. Að lokinni kynningu verður vinnufundur haldinn í Bungalow-húsinu.

Skráning á fundinn verður send út síðar.

2. Stýrihópur Barnvæns sveitarfélags

Þórunn fór yfir innleiðingarhring Barnvæns sveitarfélags og óskað var eftir nýjum fulltrúum úr Ungmennaráði í stýrihóp Barnvæns sveitarfélags.

Þóra, Elísa Ósk, Guðrún Telma og Ísabella verða fulltrúar Ungmennaráðs í hópnum. Boð verður sent á fyrsta fund stýrihópsins sem fyrirhugaður er í lok nóvember.

3. Ungmennaþing 17. nóvember

Rætt var um undirbúning ungmennaþings sem haldið verður 17. nóvember.

Áætlað er að þingið fari fram í Nýsköpunarsetrinu en einnig var rætt um möguleikann á að færa það í Lækjarskóla. Þórunn mun kanna aðstöðu og afnot af sal Lækjarskóla.

4. Alþjóðadagur barna 20. nóvember

Einkunnarorð Alþjóðadags barna árið 2026 eru:

„Minn dagur. Mín réttindi. Mín framtíð."

Einkunnarorðin minna á rétt barna til þátttöku, tjáningar og áhrifa í samfélaginu.

Rætt var um mögulegt samstarf við Jólaþorpið, meðal annars að lýsa upp svæði með bláum ljósum í tilefni dagsins.

Þórunn verður í sambandi við verkefnastjóra menningar- og ferðamála varðandi útfærslu dagsins í samstarfi við Ungmennaráð.

5. Mál kynnt af Ísabellu, Loga og Agnesi

Ísabella, Logi og Agnes kynntu hugmyndir sem þau vilja vinna áfram innan ráðsins:

a) Að funda vikulega til að skapa betra svigrúm til undirbúnings mála og tillagna.

b) Að stofnaðar verði undirnefndir innan ráðsins, til dæmis samfélagsmiðlahópur, með það að markmiði að auka sýnileika Ungmennaráðs meðal barna, ungmenna og íbúa Hafnarfjarðar.

c) Að fjölga ruslatunnum í hverfum bæjarins og útbúa aðgengilegt kort sem sýnir staðsetningu þeirra.

6. Símafrí og kyn- og kynjafræðsla

a) Símafrí

Framhald var rætt á umræðum frá síðasta fundi þegar formaður fræðsluráðs og fulltrúar ÍTH-nefndar heimsóttu ráðið.

Fulltrúar ræddu mismunandi útfærslur símafrís milli skóla og komu fram sjónarmið um að skortur væri á samræmi í framkvæmd. Sumum fulltrúum finnst skorta gagnkvæma virðingu í framkvæmd reglna þar sem nemendur upplifi að starfsfólk og kennarar fari ekki alltaf eftir sömu viðmiðum.

Einnig komu fram ábendingar um að kynning á reglum og viðurlögum vegna símafrís hefði sums staðar verið ófullnægjandi.

b) Kyn- og kynjafræðsla

Ungmennaráð lýsti áhyggjum af stöðu kynfræðslu og kynjafræðslu í grunnskólum Hafnarfjarðar.

Fulltrúar telja að gæði og umfang kennslunnar séu mismunandi milli skóla. Þeir óttast því að nemendur sitji ekki við sama borð hvað varðar aðgengi að fræðslu um þessi málefni.

Lagt var til að vinna tillögu til fræðsluráðs um að gerð verði úttekt á stöðu og framkvæmd kyn- og kynjafræðslu í grunnskólum bæjarins.

7. Önnur mál

Þórunn minnti á að fjórir fulltrúar úr Ungmennaráði muni taka þátt í Áhrifadögum ungmenna á Akureyri dagana 28.-29. október. Fulltrúarnir munu kynna ferðina og niðurstöður hennar á vinnufundi Ungmennaráðs í nóvember.

Jafnframt var minnt á að hægt er að bóka Kubbinn eða Bollann í gegnum Ungmennahúsið til óformlegra funda og vinnu á milli reglulegra funda ráðsins.

Fundi slitið kl. 21:55.